

Fimmtudaginn 5. júní 1997.

Nr. 402/1996.

Elías Eyberg Ólason

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

gegn

Kaupfélagi Árnesinga

(Dögg Pálsdóttir hrl.)

Skaðabótamál. Vinnuslys.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Garðar Gíslason og Guðrún Erlendsdóttir.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 4. nóvember 1996 og krefst þess, að stefndi greiði sér 1.414.236 krónur með tilgreindum vöxtum frá 10. júní 1993 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar héraðsdóms, en til vara, að kröfur áfrýjanda verði lækkaðar. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Fram er komið, að starfsmaður á bifreiðaverkstæðinu, sem einnig var varaslökkviliðsstjóri á Hvolsvelli, hafði komið slökkvidælunni fyrir á hjólaborðinu eftir brunaæfingu kvöldið áður. Dælan sjálf var á hjólum, 150 kg að þyngd. Starfsmaðurinn taldi sig hafa skorðað hana með spýtu, en það er ekki í ljós leitt, og ber stefndi það ekki sérstaklega fyrir sig. Einnig er fram komið, að hjólaborðið hafi verið valt, og í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins 23. desember 1996 er orsök þess talin vera sú, hversu gólfið var óslétt. Um gólfið segir þar: „Gólfið á umræddu verkstæði reyndist vera hallandi að hurð. Sprungur eru eftir gólfinu og brotið upp úr því á vissum stöðum, svona eins og gerist á bílaverkstæðum.“ Samkvæmt þessu verður ekki talið, að hjólaborðið hafi verið vanbúið.

Samkvæmt lýsingu áfrýjanda sjálfs, sem hafði starfað á verkstæðinu um árabíl og gjörþekkti aðstæður, varð slysið þannig, að hann ýtti við borðinu og fékk þá slökkvidæluna á móti sér, og lenti eitt af handföngum hennar á hægri hné hans. Hann gat fengið aðstoð hjá samstarfsmönnum sínum við þetta verk, sem var einfalt, en vara-

samt, eins og á stóð. Verður að virða áfrýjanda til gáleysis að hafa ekki gætt betur að dælu og hvernig best væri að ýta borðinu til. Ekki verður öðrum kennt um, hvernig til tókst. Með þessum at-
hugasemdum og með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms að
öðru leyti ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðila beri sinn málskostnað fyrir
Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 18. október 1996.

Mál þetta var dómtekið 27. september sl. að lokinni aðalmeðferð.

Stefnandi málsins er Elías Eyberg Ólason, kt. 260930-4199, Stóragarði 8,
Hvolsvelli.

Stefndi var upphaflega Kaupfélag Rangæinga, kt. 680169-3659, Austur-
vegi 4, Hvolsvelli, en aðildinni var breytt með samkomulagi aðila við aðal-
meðferð málsins 27. september sl., og varð Kaupfélag Árnesinga, kt.
680169-5869, Austurvegi 3-5, Selfossi, þar með stefndi þessa máls.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að
greiða stefnanda skaða- og miskabætur, að fjárhæð 1.414.236 kr. með [nánar
tilgreindum vöxtum]. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt málskostnað-
arreikningi.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði algerlega sýknaður
af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og sér dæmdur málskostnaður úr
hendi stefnanda. Til vara er þess krafist, að stefnukrafa verði lækkuð veru-
lega og stefnda dæmdur málskostnaður að skaðlausu. Þá er þess krafist, að
dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda beri dráttarvexti samkvæmt III.
kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Sættir voru reyndar með aðilum án árangurs.

I.

Málavextir eru þeir, að stefnandi starfaði sem bifvélavirki á bifreiðaverk-
stæði stefnda. Hinn 10. júní 1993 slasaðist stefndi á verkstæðinu, er slökkvi-
dæla féll utan í hægra hné hans. Stefnandi var að fara til vinnuborð úr
járni, sem var á hjólum, en á því stóð slökkvidæla, sem var um það bil 150
kíló að þyngd, að því er talið er. Dæla þessi er í eigu slökkvistöðvarinnar á
Hvolsvelli, en komið var með hana á verkstæðið til viðgerðar að kvöldi 9.
júní 1993.

Eftir slysið var stefnandi sendur í sjúkrahúsbifreið á Sjúkrahús Suðurlands, og var hann skoðaður þar af Ísleifi Halldórssyni lækni. Var stefnandi settur í gifsspelku og kom síðan í eftirlit á göngudeild sjúkrahússins. Stefnandi hóf störf að nýju á bifreiðaverkstæði Kaupfélags Rangæinga 8. nóvember 1993.

Fulltrúi Vinnueftirlits ríkisins kom á vettvang 16. júní 1993 og gaf út um-sögn um slysið.

Sigurjón Sigurðsson læknir mat örorku stefnanda 5. janúar 1995, og fékk stefnandi síðan greiddar örorkubætur frá Tryggingastofnun ríkisins 25. janúar sama ár og frá Vátryggingafélagi Íslands 20. mars 1995 á grundvelli matsins.

Stefnanda var sagt upp störfum hjá Kaupfélagi Rangæinga með bréfi, dagsettu 29. júní 1996.

Með bréfi, dagsettu 24. júlí 1995, krafði lögmaður stefnanda Kaupfélag Rangæinga um bætur vegna framangreinds vinnuslyss, en þeirri kröfu var hafnað í bréfi, dagsettu 7. september 1995. Stefnandi lét af störfum hjá Kaupfélagi Rangæinga 31. desember 1995, og var mál þetta þingfest á reglu-legu dómþingi Héraðsdóms Suðurlands 27. mars 1996.

II.

Af hálfu stefnanda er krafa um skaðabætur og miskabætur reist á því, að vinnuslys stefnanda megi rekja til saknæmrar háttsemi stefnda og starfs-manna hans. Hjól undir vinnuborðinu hafi verið mishá og það því valt, og einnig var mótordælan á hjólum og óskorðuð á borðinu og rann því auð-veldelega út af því, þegar ýtt var á borðið, en samkvæmt niðurstöðu umsagnar Vinnueftirlits ríkisins er það talin orsök slyssins. Einnig virðist borðinu með dælni hafa verið komið þar fyrir, sem hætta hafi verið á, að starfs-menn þyrftu að athafna sig við störf sín. Stefnandi kveður stefnda bera ábyrgð á slysi stefnanda samkvæmt almennu skaðabótareglunni, þar sem stefndi og starfsmenn hans hafi á framangreindan hátt sýnt af sér mikið gá-leysi, eða eftir atvikum sé ábyrgð stefnda byggð á reglunni um ábyrgð vinnuveitanda á skaðaverkum starfsmanna sinna.

III.

Stefndi styður sýknukröfu sína því, að stefnandi hafi sjálfur borið alla ábyrgð á fyrrgreindu vinnuslysi. Stefnandi hafi sjálfur valdið falli slökkvi-dælnnar, sem lenti á honum. Hér hafi verið um að ræða vangæslu stefn-anda sjálfs og/eða óhappatilviljun. Stefnandi hafi verið einn til frásagnar um tildrög slyssins, en ljóst sé af fram lagðri slysatilkynningu, að stefnanda hafi verið ljóst, að slökkvidælan hafi verið laus á borðinu og staðið tæpt.

Dælan hafi áður komið á verkstæðið til viðgerðar og vinnuborðið verið í notkun þar um margra ára skeið. Af fram lagðri mynd megi sjá, að dælan hafi verið skorðuð með spýtu á borðinu, en hjólabúnaður slökkvidælnnar og aðferð stefnanda við að ýta henni frá bílalyftunni hafi valdið falli hennar. Slökkvilið Hvolsvallar sé eigandi slökkvidælnnar, og beri stefndi því enga ábyrgð á hjólabúnaði hennar.

Þá hafnar stefndi því, að hann beri ábyrgð á því, að slökkvidælan hindraði för stefnanda að bílalyftunni í upphafi vinnudags 10. júní 1993. Fyrirverandi starfsmaður stefnda, aðstoðarslökkviliðsstjóri á Hvolsvelli, hafi komið dæluinni fyrir á verkstæðinu að kvöldi 9. júní 1993, en tækið hafði bilað á brunaæfingu fyrr um kvöldið. Stefndi beri ekki húsbónðaábyrgð á gerðum þessa fyrirverandi starfsmanns síns.

IV.

Ágreiningur aðila máls þessa snýst um það, hver beri sök á tjóni stefnanda.

Í fram lagðri skýrslu Vinnueftirlits ríkisins segir, að aðstæður á slysstað hafi verið góðar. Síðan segir, að hjólaborðið, sem smíðað hafi verið á véla-verkstæði Kaupfélags Rangæinga, hafi verið 75 cm hátt, en hjól undir borðinu hafi reynst mishá, svo að borðið hefði oltið, og öll hjól hefðu verið laus. Mótordælan á borðinu hafi verið um 150 kg að þyngd, með áfastri járngrind, og séu fjögur handföng utan á og hjól undir grindinni. Um orsök slyssins segir síðan, að hana megi rekja til þess, að mótordælan sé á hjólum og hafi ekki verið föst á borðinu og því auðveldlega getað runnið út af, þegar ýtt hafi verið á borðið. Vinnueftirlit ríkisins gerði síðan kröfu um, að hjól á hjólaborði væru samstæð og hemlar skyldu vera á stýrihjólum, en hin hjólin föst.

Dómari kynnti sér aðstæður á verkstæðinu ásamt stefnanda sjálfum og lögmönnum aðila. Þar voru hjólaborðið og slökkvidælan skoðuð og dæluinni komið fyrir uppi á borðinu. Vitnið Kristján Magnússon skorðaði dæluuna með spýtu á borðinu, eins og hann minnti, að hann hefði gert kvöldið fyrir slysið. Við skýrslutökur vitna kom í ljós, að hjólaborðið hafði ekki verið lagfært í samræmi við framangreind tilmæli Vinnueftirlits ríkisins, og var það því í sama ásigkomulagi og fyrir slysið. Gólf verkstæðisins er málað, og er málningin víða flögnuð af, en það er einnig óslétt og víða sprungur í því. Að sögn starfsmanna verkstæðisins var gólfið í svipuðu ásigkomulagi og á slysdegi, enda hefði ekkert verið átt við það.

Stefnandi heldur því fram, að Kaupfélag Rangæinga beri skaðabótaábyrgð vegna tjóns stefnanda, þar eð félagið beri ábyrgð á vanbúnaði tækja

og slæmri vinnuáðstöðu, og jafnframt beri það ábyrgð á sök starfsmanns síns, Kristjáns Magnússonar, sem setti slökkvidæluna upp á hjólaborðið að kvöldi 9. júní 1993, daginn fyrir slys.

Að því er varðar aðstæður á verkstæðinu og tækjabúnað, er það mat dómsins, að gólf verkstæðisins hafi ekki verið óvenjulega óslétt, en engar athugasemdir voru gerðar um gólfið í fram lagðri skýrslu Vinnueftirlits ríkisins.

Hjólaborðið hafði verið í notkun á verkstæðinu árum saman allt frá smíði þess, og stefnandi bar sjálfur fyrir dóminum, að starfsmenn hefðu alltaf unnið með hjólaborð, þegar þeir væru með bílmótora uppi á borðum. Þá kom fram í skýrslu vitnisins Magnúsar Halldórssonar, að hjólaborðið hefði verið notað til að ferja stóra, þunga hluti frá dyrum verkstæðisins að föstum vinnuborðum. Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins segir, að hjól undir borðinu hafi reynst mishá (borðið valt) og öll hjól laus. Stefnandi kvað öll hjól borðsins jafnstór, en sagði borðið vera valt, þegar ekkert væri á því. Vinnueftirlitið gerði kröfu í skýrslu sinni um það, að hjól hjólaborðsins væru samstæð og hemlar á stýrihjólum, en önnur hjól föst. Við skýrslutökur fyrir dómi kom fram, að Kaupfélag Rangæinga varð ekki við þessum kröfum.

Stefnandi hafði unnið sem bifvélavirki á verkstæði Kaupfélags Rangæinga í fimm ár, en verið starfsmaður kaupfélagsins mun lengur. Hann var því vanur aðstæðum á verkstæðinu, eins og þær voru, þegar slysið varð. Við skýrslutökur kom í ljós, að stefnandi vann á verkstæðinu, þegar hann kom til starfa eftir slysið, og gerði þá hvorki athugasemdir við aðstæður á verkstæðinu né umrætt hjólaborð eða önnur tæki.

Með hliðsjón af þessu verður ekki talið, að hjólaborðið hafi verið svo vanbúið og hættulegt í notkun, að varði bótaábyrgð Kaupfélags Rangæinga, jafnvel þótt kaupfélagið hafi ekki farið að kröfum Vinnueftirlits ríkisins um endurbætur á hjólaborðinu.

Að því er varðar þátt starfsmanns Kaupfélags Rangæinga, Kristjáns Magnússonar, verður ekki talið, að staðsetning hans á hjólaborðinu með slökkvidælunni úti á gólfi verkstæðisins verði metin honum til slíks gáleysis, að varði bótaskyldu vinnuveitanda hans. Eins og fyrr segir, var um að ræða borð, sem starfsmenn verkstæðisins höfðu notað til að flytja á þungar vélar um margra ára skeið, og slökkvidælan hafði áður komið til viðgerðar á verkstæðinu. Hann mátti því ætla, að starfsmenn verkstæðisins væru vanir að færa borðið til og myndu gæta nægilegrar varúðar.

Um þá málsástæðu stefnanda, að það verði metið framangreindum starfsmanni kaupfélagsins til sakar að hafa ekki skorðað slökkvidæluna nægilega á hjólaborðinu, er það mat dómsins, að sú skorðun, sem starfsmaðurinn

kom fyrir með því að setja spýtu undir hjólagrind dælnnar, verði að teljast nægileg varúðarráðstöfun miðað við það, sem áður sagði um notkun á hjólaborðum á verkstæðinu og starfsreynslu stefnanda þar.

Af framanrituðu þykir dóminum ljóst, að slysið hafi orðið vegna þess, að stefnandi ýtti á framangreint hjólaborð, sem á var 150 kílóa slökkvidæla, með þeim afleiðingum, að dælan féll út af borðinu og utan í hægra hné stefnanda. Ekkert er fram komið, sem sýni, að Kaupfélag Rangæinga eða starfsmenn þess beri ábyrgð á því, að slysið varð, eða því, að stefnandi varð fyrir tjóni. Verður að telja með vísan til þess, sem áður sagði um starfsreynslu stefnanda á verkstæðinu, að það hafi verið á færi stefnanda að meta, hvort varlegt væri að ýta hjólaborðinu með dælunni á. Fram kom við skýrslutökur í málinu, að verkstjóri var á verkstæðinu og einnig a. m. k. einn annar starfsmaður, en stefnandi bað þá ekki um aðstoð við að færa borðið.

Að þessu virtu þykir verða að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Þrátt fyrir þessa niðurstöðu þykir þó rétt með hliðsjón af atvikum öllum, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Arnfríður Einarasdóttir, settur héraðsdómari, kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Kaupfélag Árnesinga, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Elíasar Eybergs Ólasonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
